

169. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. febrúar 2019

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Rebekka Eiríksdóttir og Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30

Fundargerð 167. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Fundargerð 168. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Starfsskýrsla 2018

Afgreiðsla:

Samþykkt með áorðnum breytingum.

Drög að frumvarpi að nýjum lögum um vernd Breiðafjarðar ásamt greinargerð

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Ritara falið að ganga frá drögum m.t.t. athugasemda og senda á nefndina til yfirlstrar.

Framtíð Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Samþykkt að stefna að málþingi um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar fyrir sveitarfélögin við fjörðinn og aðra hagsmunaaðila og leita eftir samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneyti hvað það varðar.

Samþykkt að senda Vesturbyggð og Snæfellsbæ erindi varðandi hugmyndir nefndarinnar að stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar og óska eftir afstöðu sveitarfélaganna.

Erindi frá Alta: Afmörkun friðlýsingar Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar ábendinguna.

Innan þessa svæðis sem er auðkennt gildir lagatextinn. Lögin um vernd Breiðafjarðar ná því eingöngu til eyja, hólma, skerja og strandlengjunnar en ekki til hafsvæðisins þar á milli.

Erindi frá Flateyjarveitum: Vistvæn Flatey

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki tök á að styrkja verkefnið með fjármagni en telur verkefnið áhugavert og þarft. Skv. ósk fulltrúa Flateyjarveitna býður nefndin þeim á fund til þess að kynna verkefnið frekar.

Erindi frá Dalabyggð: ósk um umsögn – Ós á Skógarströnd

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á fyrri umsögn frá 11. desember 2018.

Fjárhagsáætlun 2019

Afgreiðsla:

Fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt.

Önnur mál

Staða verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands
 - Í vinnslu.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Í vinnslu.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum
 - Í vinnslu (skýrslu skal skila í lok febrúar).
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur
 - Í vinnslu. Tefst fram á vorið.
- Örnefnaskráningar, Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Skil í haust.
- Fjöruvísir, Svæðisgarður Snæfellinga
 - Skil í haust.

Fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur áætlaður 22. mars.